



**308. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 23. júní 2021 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Ása Ólafsdóttir, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Ingi Þór Ágústsson og Knútur G. Hauksson.**

#### **Dagskrá:**

Forseti setti fund og stýrði honum.

#### **1. Fagsvið ÍSÍ**

Þórey Edda Elísdóttir formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Haldinn hefur verið einn fundur frá þingi. Kristín Birna Ólafsdóttir var færð frá Almenningsíþróttasviði yfir til Afreks- og Ólympíusviðs í kjölfar brotthvarfs Örvars Ólafssonar verkefnastjóra og hefur verkefnaskipting á sviðinu verið endurskipulögð með tilliti til starfsmannabreytinga.

Andri Stefánsson sviðsstjóri skýrði frá því að Ásgeir Sigurgeirsson hefði fengið kvótasæti í keppni í loftskammbyssu á Ólympíuleikunum í Tókýó.

Viðar Garðarsson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór stuttlega yfir verkefnastöðu sviðsins.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum á sviðinu og helstu áherslur fagráðs sviðsins næstu mánuði. Ólympíudagurinn var haldinn hátíðlegur í Hveragerði í samstarfi við Hveragerðisbæ og HSK.

Kolbrún Hrund lagði til að ÍSÍ óskaði eftir því við mennta- og menningarmálaráðuneyti að þau leggi að skólasamfélaginu að leyfa kynningar frá íþróttafélögum í grunnskólum.

Almennar umræður urðu um málið. Forseti lagði til að unnið yrði að heildstæðri yfirlýsingu íþróttahreyfingarinnar og ráðuneytis um víðtækt samstarf, meðal annars um ofangreint.

#### **2. Skráning raunverulegra eigenda**

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirkomulagi við undirritun vegna skráningu raunverulegra eigenda.

#### **3. Málefni COVID-19**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Fyrirheit eru um tilslakanir á takmörkunum á samkomum í næstu viku. Bólusetningar afreksíþróttafólks hafa staðið yfir undanfarna daga.

#### **4. Erindi Klifurnefndar ÍSÍ um stofnun sérsambands um klifuríþróttina**

Tekið fyrir erindi Klifurnefndar ÍSÍ þar sem óskað er eftir því að stofnað verði sérsamband um klifur. Klifuríþróttin er nú stunduð í fimm héruðum og iðkendur eru 1.657 samkvæmt rauntölum úr Felix. Fyrir liggja drög að lögum nýs sambands og tillaga að fyrstu stjórn. Heimild Íþróttáþings ÍSÍ liggur fyrir um stofnun sérsambands um klifuríþróttina. Samþykkt að stofna sérsamband í september næstkomandi, með fyrirvara um að sú tímasetning henti öllum aðilum og að uppfylltum öllum lagalegum skilyrðum.

#### **5. Skipan fulltrúa ÍSÍ í stjórn Lyfjaeftirlits Íslands**

Það er í verkahring ÍSÍ að tilnefna tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn Lyfjaeftirlits Íslands. Áslaug Sigurjónsdóttir, sem hefur verið aðalmaður ÍSÍ í stjórninni, gefur ekki áfram kost á sér til stjórnarsetu og manna þarf hennar sæti. Þau sem áfram sitja af fulltrúum tilnefndum af ÍSÍ eru: Skúli Skúlason aðalmaður og Sif Jónsdóttir varamaður. Fyrir liggur tillaga um aðila í stað Áslaugar en viðkomandi á eftir að gefa endanlegt svar. Framkvæmdastjóra gefin heimild til að ljúka málinu.

#### **6. Samningur við Abler um skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti drög að samningi við Abler ehf. um gerð nýs skilakerfis fyrir starfsskýrslur.

Samþykkt að semja við Abler ehf samkvæmt framlögðum samningi.

Stefnt er að því að drög að kerfi geti verið tilbúið í október. Einnig er gert ráð fyrir því að hægt verði að skila starfsskýrslum í nýju kerfi á næsta ári.

#### **7. Afgreiðsla Alþingis á þingsályktunartillögum um launasjóð afreksíþróttafólks og stefnu í afreksíþróttum**

Forseti fór yfir afgreiðslu Alþingis á þingsályktunartillögum um launasjóð afreksíþróttafólks og stefnu í afreksíþróttum. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur verið falið að vinna stefnu í afreksíþróttum með ÍSÍ. Íþróttamannanefnd ÍSÍ mun verða höfð með í ráðum og reynt verður að þrýsta á að þessi mál verði unnin eins hratt og mögulegt er.

#### **8. Framhaldsþing ÍSÍ**

Framhaldsþing 75. Íþróttáþings ÍSÍ verður haldið 9. október nk.. Búið að bóka Gullhamra sem þingstað. Þingnefndir munu starfa 8. október í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

#### **9. Ársþing EOC**

Gunnar Bragason gjaldkeri og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri voru fulltrúar ÍSÍ á ársþingi EOC sem fram fór í Aþenu 10.-11. júní sl. Líney Rut var endurkjörin í stjórn EOC til næstu fjögurra ára. Spyros Capralos var kjörinn forseti samtakanna. Í tengslum við þingið var einnig haldið upp á 50 ára afmæli EOC.

## 10. Aðalfundur GSSE

Gunnar Bragason gjaldkeri og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri sátu aðalfund GSSE sem haldinn var í tengslum við ársþing EOC í Aþenu. Smáþjóðaleikunum sem áttu að vera í Andorra á þessu ári var aflýst og verða næstu leikar því á Möltu árið 2023.

## 11. Aðalfundur ENGSO

Framkvæmdastjóri sat aðalfund ENGSO, sem var fjarfundur. Stefan Bergh var endurkjörinn formaður samtakanna.

## 12. Stefnumótun

Gunnar Bragason skýrði stöðu mála. Stefnt er að nánari kynningu á fundi framkvæmdastjórnar í ágústmánuði.

## 13. Heiðranir

Staðfest rafræn afgreiðsla framkvæmdastjórnar á veitingu Silfurmerkis ÍSí til Sigurðar Óskars Jónssonar, USÚ. Garðar Svansson afhenti merkið á ársþingi USÚ, 1. júní sl.

## 14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 307. fundur framkvæmdastjórnar – *Fundarritara falið að lagfæra fundarstað í fundargerð.*
- 6. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí frá 21. júní 2021
- Fundur Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí frá 2. júní 2021
- Fundur Afrekssjóðs ÍSí frá 21. júní 2021

## 15. Viðburðir framundan

- Ólympíuleikarnir í Tókýó, 23. júlí – 8. ágúst
- Nordic Meeting, Álandseyjum 10. - 11. september 2021
- Ársþing FSÍ 11. september 2021
- Ársþing ANOC, 26.-27. október í Seoul
- Paralympics, 24. ágúst – 5. september 2021 í Tókýó

## 16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur stjórnar verður væntanlega í byrjun júlí, á Teams, til að staðfesta endanlegan hóp keppenda og föruneysi á Ólympíuleikana í Tókýó.

## 17. Önnur mál

### Fjármálaupplýsingar

Gjaldkeri lagði fram fjögurra mánaða uppgjör reksturs ÍSí. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

### Formlegt boð á EYOF Banska Bystrica 2022

Lagt fram formlegt boð á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Banska Bystrica árið 2022. Samþykkt að taka þátt í hátíðinni, samkvæmt venju, ef kórónuveirufaraldurinn leyfir.

**Verklok 4. hæð í húsi 4.**

Valdimar Leó Friðriksson setti fram fyrirspurn um tímasetningu verkloka framkvæmda á 4. hæð í húsi 4. Andri Stefánsson svaraði fyrirspurninni. Verklok hafa tafist vegna tilfærslna aðila í húsinu.

Garðar Svansson lagði til, í kjölfar ofangreindrar fyrirspurnar, að framkvæmdastjórn tæki hús á samböndunum í miðstöðinni við gott tækifæri til að fá betri yfirsýn yfir samböndin í húsinu, aðstöðu og starfsfólk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.